



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í Neskaupstað
Opinber heimsókn
22. september 1999

Heiðruðu Norðfirðingar
Kæru samkomugestir

Góður hefur dagurinn verið og gaman að koma í skólana ykkar, kirkjuna, söfnin og vinnustaði og sannfærast á ný um hve ríkulegum árangri stórhugur Norðfirðinga, metnaður og framfararvilji hafa skilað þessu stolta og sjálfstæða byggðarlagi.

Hér birtast okkur í hnotskurn eðalkostirnir sem gert hafa Íslendinga að sjálfstæðri þjóð, alúðin við uppeldi æskunnar, nýsköpun í atvinnulífi, áhersla á að varðveita og kynna sérkenni náttúru og lífríkis, frjór hugur við að breyta og bæta á öllum sviðum tilverunnar en jafnframt virðing fyrir arfleifð þeirra sem gengnir eru; metnaðurinn við að tryggja um ókomna tíð vöxt og viðgang mannlífsins í góðum firði.

Hér hefur baráttan fyrir rétti þjóðarinnar til fiskimiðanna umhverfis landið brunnið svo heitt í brjóstum sjómanna og fiskvinnslufólks að forystusveit byggðarlagsins taldi engan málstað brýnni og sendi einn sinna bestu liðsmanna til að leiða Ísland til sigurs þótt heilt heimsveldi væri á móti. Ekki aðeins einu sinni heldur oftast var haldið í þá sigurför. Í hvert sinn fékk ættjörðin ný hafsvæði til umráða, gat af eigin rammleik ráðstafað auðævum sjávar og afurðum fiskistofna til að styrkja og auðga líf skjör allra Íslendinga.

Ég hef á undanförunum árum oft vikið að því í samræðum við leiðtoga annarra ríkja og forystusveit alþjóðastofnana að árangur Íslendinga við nýtingu hafsins gæða, þróun sjávarútvegs og fiskvinnslu skaraði að aðferðum og tækni svo fram úr því sem best gerist með öðrum

þjóðum að við Íslendingar gætum þar verið öðrum í senn fordæmi og leiðarljós.

Það hefur vakið stolt og gleði í huga mér að heyra Kofi Annan framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, dr. Diouf forystumann FAO, Matvælastofnunar samtakanna, og fjölda áhrifamanna og sérfræðinga víða um heim lýsa því hve einstöku og aðáunarverðu verki Íslendingar hafa skilað við að hagnýta auðævi hafsins á sjálfbæran og arðsaman hátt.

Norðfirðingar hafa svo sannarlega verið í fremstu röð þeirra sem þannig hafa skilað þjóðinni í framvarðarsveit ríkja heims og það framlag ykkar ber að þakka bæði og virða.

Ég minnst þess að þegar landhelgisstríðið við Breta stóð sem hæst, deilan um 50 mílurnar var í algleymingi, þá kom ég hingað ungur með hóp breskra blaðamanna og fréttahauka sem boðið hafði verið að kynna málstað hinnar litlu eyþjóðar og auðvitað vildu þeir ólmir komast á heimavöll kempunnar sem boðið hafði breska ljóninu birginn.

Þótt senn séu liðin þrjátíu ár síðan þá man ég vel hvílík ógn þessum bresku fjölmiðlaköppum fannst stafa af honum Lúðvík ykkar Jósepssyni sem alist hafði upp sem fátækur stráklingur hérna á bryggjunum og nú var í fararbroddi þeirra sem færa vildu þjóðinni sjálfri óskertan fullveldisrétt yfir fiskimiðunum við landið. Alveg urðu þeir ringlaðir og ruglaðir, blessaðir Bretarnir, þegar gestgjafi þeirra hér í Neskaupstað reyndist vera hinn síbrosandi og elskulegi Jóhannes fóstbróðir Lúðvíks, fréttaritari útvarpsins og háttsettur í Síldarvinnslunni, ekkert nema almennilegheitin og elskan; glaður í bragði bauð hann þeim kaffi og pönnukökur, sykraðar og með rjóma, og lagði fast að þeim að njóta nú góðgætisins sem best. Ég held að þessir orðhvössu haukar úr hörðum heimi breskra fjölmiðla hafi eftir heimsóknina til Neskaupstaðar aldrei botnað í því hvernig breska heimsveldinu gat stafað slík ógn af svona plássi.

En auðvitað var baráttan hörð og löngum var sigurinn engan veginn vís, hvorki í stríðinu um 12 mílurnar né heldur í deilunum um útfærslu landhelginnar í 50 mílur. Í þessum áföngum báðum stóð Norðfirðingurinn nafnfrægi staðfastur í stafni studdur þeirri liðssveit úr sínum heimabæ sem honum var ætíð kærust.

Vissulega væri það fagnaðarefni öllum þeim sem fyrr á öldinni lögðust á árar til að færa Íslendingum fullan rétt yfir fiskimiðunum í hafinu umhverfis landið að sjá hve vel sá réttur hefur verið nýttur í tæknivæddum vinnslustöðvum og með glæsilegum fiskiskipum sem minna oft meira á hátæknivæddar geimstöðvar og stjórnþæki gervihnatta

en það sem við strákarnir kölluðum á sínum tíma einfaldlega kúttara og togara.

Hér í Neskaupstað getur að líta framvarðarstöð þessarar tækni, sönnun þess að við Íslendingar ætlum okkur að vera í fremstu röð þeirra sem gera auðævi hafsins að glæsilegri vöru, undirstöðu bættra lífskjara og blómlegs mannlífs. Þið hafið svo sannarlega sýnt í verki að framtíð byggðanna felst í því að nýta fljótt og vel sérhvern nýjan kost sem byltingarnar í hugbúnaði og hátækni færa okkur.

Í heimsókn minni í Síldarvinnsluna í dag, Verkmenntaskólann og víðar í menningar- og menntasetur ykkar kæra heimabæjar þá varð mér hugsað til þeirrar áherslu sem ég beindi til Vestfirðinga í fyrstu opinberu heimsókn okkar Guðrúnar Katrínar skömmu eftir að ég tók við embætti forseta Íslands.

Þau orð tóku mið af umræðunni um vanda og framtíð byggðanna og mér finnst þau enn eiga erindi til okkar allra og ekkert síður nú í ljósi þeirrar orðræðu sem brunnið hefur á ykkur Austfirðingum.

Þótt ég hafi ekki gert mikið af því að flytja kafla úr gömlum ræðum, langar mig að lofa ykkur að heyra brot úr þessum texta sem hljómaði á Ísafirði í ágústlok 1996, boðskapinn sem ég flutti á mínum eigin heimaslóðum í sama mánuði og ég tók formlega við þeirri ábyrgð sem þjóðin fól mér að gegna; mig langar til að færa ykkur hann á ný. Sú breyting er ein gerð að í stað orðsins Vestfirðir í þessum texta langar mig að setja Austfirði nú og á sama hátt orðið eystra fyrir vestra:

„Vissulega hafa skeið framfara og erfiðleika skipst á hér eystra líkt og í flestum byggðum Íslands. Og um þessar mundir kunna ýmsir að óttast þá tíð sem í hönd fer, efast um mögulega Austfjarða í samkeppni við aðdráttarafl, umsvif og fjölbreytni höfuðborgarsvæðisins. Þótt slíkar vangaveltur séu skiljanlegar þá eru þáttaskilin í þróun nútíðar og mótun framtíðarinnar af öðru tagi.

Ný tækni í samgöngum, fjarskiptum og hugbúnaði hefur fært Austfirði nær markaðssvæðum heimsviðskiptanna en nokkru sinni fyrr. Möguleikar framtíðarinnar felast fyrst og fremst í beinum og milliliðalausum tengslum við fyrirtæki og einstaklinga hvar sem er í veröldinni.

Togstreitan milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis sem einkennt hefur umræðu og ákvarðanir á vettvangi þjóðmála um marga áratugi er að daga uppi í umbroti breytinga sem umskapa heiminn allan.

Sú samkeppni sem úrslitum ræður er ekki lengur á milli Reykjavíkur og annarra landshluta heldur Íslands alls annars vegar og umheimsins hins vegar. Það er sú glíma sem umfram annað mun ráða því hvort unga fólkíð kys áfram að eiga Ísland að heimkynnum. Í krafti þeirrar boðskiptatækni sem færir heimsmarkaðinn beint til hvers og eins geta Austfirðir, Norðurland og Vestfirðir vissulega skarað fram úr. Reykjavíkursvæðið er ekki lengur nauðsynlegur áfangastaður heldur byggðarlag á sama báti og öll hin.

Íslenska menntanetið var þróað í hugbúnaðarsmiðju á Kópaskeri. Dalvík er nú heimabyggð heimsfyrirtækis. Forskotið í hátækni mjölframleiðslunnar er á Austfjörðum. Þannig mætti rekja hvert dæmið á fætur öðru. Þau sýna að um allt land eru byggðirnar að tengjast beint við það markaðskerfi veraldarinnar sem umskapar í sífellu efnahagslíf heimsins.

Þessi nýi veruleiki krefst ferskrar hugsunar, nýrrar nálgunar að gömlum vandamálum. Umræðan um byggðavanda Íslendinga þarf að vissu leyti að færast á byrjunarreit. Hún þarf að eignast nýtt upphaf þar sem tækifæri hugbúnaðartækninnar og boðskiptabrautir heimsviðskiptanna eru forsendur breyttra stefnu og nýrra aðferða. Hún þarf að taka mið af þeirri staðreynd að dýrmætasta auðlindin felst í fólkinu sjálfu – hæfni, menntun og áræði sérhvers einstaklings. Mannauðurinn mun ráða úrslitum í samkeppni byggða og þjóðlanda á nýrri öld.”

Svo mörg voru þau orð, kæru Norðfirðingar og vinir, og ég hef kosið að flytja þau að nýju hér í kvöld því mér finnst þau enn eiga erindi til okkar allra.

Kannski líka vegna þess að þegar ég kom hingað fyrir röskum aldarfjórðungi, þá var eins og nú og ætíð síðan framtíð byggðanna mér mikið hjartans mál. Sú sannfæring er djúp í huga mér og allri tilfinningu að því aðeins muni íslensk þjóð njóta krafta sinna og kosta um ókomna tíð að byggðir landsins til sjávar og sveita, á fjörðum eystra og vestra, í dölum syðra og nyrðra, verði blómlegar og ríkulega búnar til að sækja fram til bættra kjara og fjölskrúðugs mannlífs.

Það er þjóðarsálin sjálf, uppruni okkar og rætur, saga Íslendinga og menning sem eiga sér um landið allt þær heimaslóðir sem best munu duga til að efla okkur þrótt og úthald á langri leið.

Norðfjörður hefur löngum verið táknbyggð þess besta sem árangri hefur skilað, traustra atvinnutækja og alúðar við uppeldi og menntun barna og unglunga, velferð og umhyggju í garð allra íbúa byggðarlagsins.

Hér hefur mannlífið og náttúran fallið saman í farvegi sem reynst hafa farsælir þótt snjóþungir vetur og brött fjöllin sem gnæfa hátt hafi einnig fært ykkur og þjóðinni allri hörmungar og sorg sem lengi munu marka hug okkar og hjörtu.

Hér gnæfir hátt sæbrattasta strandfjallið í fjórðungnum, samfelldt hengiflug frá efstu brún og fram í sjó.

Hér varðveitir dalurinn á leið upp í skarðið sjaldgæfar jurtir og grös, jökulklukkur og lofsveifgras sem á fögrum sumardegi kallast á við líparítið í Goðatindi.

Hér birtist okkur tign og fegurð Austfjarða á stundum sem eignast ævarandi samastað í hjörtum okkar.

Hér sjáum við afrek og eðalkosti þess góða fólks sem um aldir og enn um ókomna tíð varðveitir byggðirnar sem gert hafa Íslendinga að þjóð.

Ég færi ykkur á ný djúpar og einlægar þakkir fyrir vináttu ykkar, hlýjar og glæsilegar móttökur, og þær góðu stundir sem við Guðrún Katrín áttum með ykkur á árum áður; minningar sem hafa verið mér ljós á döprum dögum.

Ég árna ykkur allra heilla og blessunar.